

Nd.

442. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á því, hverjar afleiðingar verðuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur hafa haft á afkomu íslenskra iðnfyrirtækja, er vinna úr þessum vörum.

Frá iðnaðarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á því, hverjar fjárhagslegar afleiðingar verðuppbætur þær á landbúnaðarafurðir, sem samþykktar voru á Alþingi 1941 og 1942, hafa haft á íslenska iðju- og iðnaðarstarfsemi, er notar þessar verðbættu vörur sem hráefni fyrir framleiðslu sína.

Verði niðurstöður athugunar þessarar lagðar fyrir Alþingi svo fljótt, sem kostur er.

G r e i n a r g e r ð .

Iðnaðarnefnd Nd. hafa borizt erindi frá Félagi ísl. iðnrekenda, f. h. ullarverksmiðjueigenda, og frá nokkrum sítunarfyrirtækjum, þar sem farið er fram á, að Alþingi veiti þeim verðuppbætur á ull og gærur, er þeir hafa keypt 1941 og 1942.

Iðnrekendur þessir, sem vinna úr ull og gærum í verksmiðjum sínum, verða nú að greiða þessi hráefni sama verði og bændur fá fyrir vöruna með **uppbótum**, eða allmiklu hærra verði en þeir höfðu reiknað með, og miklu hærra verði en erlendar verksmiðjur fá nú þessi hráefni frá Íslandi fyrir. Nefndin taldi, að hér sé um mjög ísjárverðan hlut að ræða og að sjálfsagt sé að rannsaka ýtarlega, hverjar afleiðingar þessar verðuppbætur og ráðstafanir í sambandi við þær hafa haft á iðnreksturinn. Telur nefndin sig ekki hafa aðstöðu til að framkvæma rannsókn þessa til neinnar hlitar og því sé rétt, að ríkisstjórninni sé falið að láta framkvæma hana. — Ef við rannsóknina kemur í ljós, að iðnaðarframleiðsla þessi hefur orðið fyrir þungum bú-sifjum af ákvörðunum Alþingis, er verðuppbæturnar voru ákveðnar á landbúnaðarvörurnar, virðist nefndinni sjálfsagt, að tekið verði til athugunar, hvernig bezt verði úr bætt

Nánar í framsögu.